

Olíudreifing ehf
Hólmahlóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 5.12.2023
UST202301-193/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling 2023 - Olíudreifing ehf., Neskaupstað, geymir nr. 1, T0056

Umhverfisstofnun barst þann 29. september 2023, skýrsla um þykktar- og segulsviðsmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Neskaupstað. Geymirinn er merktur nr. 1, hefur fastanúmerið T0056 og eigendanúmerið 740.01.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila að Naustahvammi 57, Neskaupstað. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1956.

Þykktar- og segulsviðsmælingarnar framkvæmdu Gísli A. Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 23. september 2023. Notaðir voru MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4-0016-A-TFS og Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., nr. TM-MFL-233211-GEYMIR-1-T0056-SEPT-23, að geymirinn sé ómálaður að hluta að innan en í þokkalegu ásigkomulagi að innanverðu. Gólf sé tært að innan og að víða megi finna pytti að 1-2 mm að dýpt. Upphafleg efnisþykkt gólfsins hefur að öllum líkindum verið um 9.0 mm við smíði geymisins og sjá má á mælingum í skýrslunni að minnsta efnisþykkt er 4.7 mm á einum stað. Fram kemur að neðsta umfar lítur vel út.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum.
Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri